



**ÆSKULÝÐSSTARF SÖRLA
2006-2007**



EFNISYFIRLIT:

Æskulýðsnefnd Sörli 2006-2007	bls.4
Kynningarfundur ; Dagskrá vetrarins kynnt	bls.5
Jólaball, Flugeldasala, Álfareið	bls.6
Námskeið	bls.7
Knapamerki	bls.8
Námskeið reiðtygjahreinsun, Bingó, Skautuferð , Grímutölt.....	bls.9
Myndir frá Grímutölti.....	bls.10
Árshátíð unglunga , Æskan og hesturinn	bls.11
Árshátíð barna, styrkur úr pokasjóði.....	bls.12
Reiðtúr æskulýðsnefnda, Hreinsunardagur	bls.13
Æskulýðsráðstefna LH.....	bls.14

Æskulýðsnefnd Sörla 2006-2007

Samstilltur hópur hefur verið að störfum hjá Æskulýðsnefnd Sörla.

Margar hendur vinna létt verk. Ekki hefur staðið á yngri eða eldri félagsmönnum að leggja hönd á plóg til að gera æskulýðsstarfið í félaginu sem fjölbreyttast. Reynt var að skipta verkum á nefndarmenn, foreldrafulltrúa og aðra félagsmenn.

Dagskrá vetrarins var fjölbreytt að venju og reynt er að fitja upp á nýjum dagskrárliðum en eldri dagskrárliðir sem vel hafa tekist mynda uppistöðuna í dagskrá vetrarins.

Ýmsir aðilar hafa stutt æskulýðsstarfið okkar vel fjárhagslega, hvort sem það hefur verið gert með beinum eða óbeinum hætti. Þeir helstu eru Hafnarfjarðarbær & ALCAN.

Ein aðal fjáröflunarleið Æskulýðsnefndar Sörla hefur verið flugeldasala í samstarfi við Björgunarfélag Hafnarfjarðar. Félagsmenn hafa tekið okkur mjög vel.

Einnig hefur nefndin haft tekjur af veitingasölu á uppákomum félagsins og dósasöfnun.

Eftirtaldir störfuðu í Æskulýðsnefnd Sörla 2006-2007 ;

Formaður ;	Sólveig Óladóttir
Varaformaður ;	Berglind Finnbogadóttir
Gjaldkeri ;	Guðrún Guðmundsdóttir
Ritari ;	Sonja Guðrún Óskarsdóttir
	Gísli Ölver Sigurðsson
	Hanna Rún Ingibergsdóttir
	Ásta Björnsdóttir
	Hafðís Arna Sigurðardóttir

Foreldraráð Sörla 2006-2007

Formaður ;	Valdimar Jónsson
	Sveinn Rúnarsson
	Líney Jónsdóttir
	Margrét Björg Sigurðardóttir
	Vilborg Halldórsdóttir
	Thelma Víglundsdóttir

Dagskrá vetrarins kynnt á kynningarfundum 27.11.2006

Dagskrá vetrarins:

Jólaball		12.12.2006	
Flugeldasala hefst		27.12.2006	
Námsk.; Reiðtygjaþríf	ó dags.	00.01.2007	Sörlastaðir
Fjölskyldureiðtúr		29.01.2007	
Skautuferð	ó dags.	00.02.2007	
Árshátíð ungl.	ó dags.	00.02.2007	
Árshátíð barna	ó dags.	00.03.2007	Hörður
Æskan og Hesturinn		12-13.03.2007	Reiðhöllin Víðidal
Fjölskyldureiðtúr		09.04.2007	
Hróa Hattar Mót		23.04.2007	
Reiðnámskeið yngri barna/ byrjendur		00.04.2007	Sörlastaðir

Margt fleira verður á döfinni sem ekki er hægt að dagsetja að svo stöddu og verður það auglýst vel þegar þar að kemur.

MUNIÐ AÐ AUGLÝSINGAR ÆSKULÝÐSNEFNDAR ERU “GULU AUGLÝSINGARNAR”.

Jólaball : 10.des.2006

Æskulýðsnefndin hélt árlegt jólaball sunnudaginn 10. des. á Sörlastöðum. Salurinn fylltist af þrúðbúnum börnum, foreldrum öfum, ömmum og skyldmennum. Stórt jólatré (gjöf frá Hólmsfríði og skógræktarfélaginu) stóð skreytt á miðju gólfi. Hurðaskellir og Bjúgnakrækir mættu og tóku þátt í söng og jólatresgöngu og deildu síðan út sælgætispökum frá Góu. Fjarðarkaup gaf mandarínur og Iðnmark Stjörnusnakk, svo komu félagsmenn með kökur á hlaðborðið sem svignaði af kræsingum. Magnús Sigurjónsson þeytti jólaskífum af miklum móð og allir tóku undir. Æskulýðsnefndin þakkar öllum þessum aðilum framlagið og fagnar hve frábærlega tókst til, enda börnin glöð þegar þau héldu heim á leið.



Flugeldasala 27.des.2006

Flugeldasalan okkar hófst 27.des.2006. Gengið var á milli húsa á hesthúsasvæðinu og miðar seldir fyrir flugeldum. Þetta er samstarf Björgunarsveitar Hafnarfjarðar og Æskulýðsnefndar Sörla og hefur gefist mjög vel. Margir komu að þessu verkefni og tóku félagsmenn okkur vel að venju. Þetta er ein helsta tekjuöflun æskulýðsnefndar, og þökkum við veittan stuðning félagsmanna.

Álfareið 06.jan.2007

Þrettánadahátíð á Ásvöllum var laugardaginn 06.jan.2007. Jólin voru kvödd með dansi og söng á glæsilegri þrettánadahátíð. Safnast var saman á svæðinu fyrir fram Íþróttamiðstöðina þar var skemmtidagskrá, söngur, glens og gaman. Álfar púkar og jólasveinar voru á svæðinu. Æskulýðsnefnd Sörla hefur séð um Álfareiðina sem hefur farið í fylkingarbrjósti fyrir skruðgöngunni að álfabrennu á Ásvöllum í Hafnarfirði mörg s.l.ár. Álfadrottningar og prinsessur voru í ár : Ásta Björnsd, Hanna Rún, Edda Dögg og Margrét Freyja. Þessi uppákoma er samstarf Hauka, Hafnarfjarðarbæjar og Æskulýðsnefndar Sörla. Dagskránni laug kl. 19.00 með veglegri flugeldasýningu í boði Landsbanka Íslands.

Námskeið.

Námskeið vetrarins voru kynnt á kynningarfundinum 27.11.2006

Þá voru krakkarnir beðnir um að skrá sig á það námskeið sem þau hefðu hug á.

Fram kom fyrirspurn á kynningarfundum æskulýðsnefndar ;

Hvort ekki væri hægt að hafa námskeiðin fram í maí.

Þar sem nú er búið að lengja skólatímabilið og íþróttaiðkanir, hvort ekki sé eðlilegt að reiðnámskeiðin séu einnig haldin í maí en ekki hætt í apríl, eins og verið hefur.

Lagt var til að skoða hvernig áhugi fólks væri á námskeiði í maí og ef áhugi væri á lengingu námskeiða væri það hægt, en við það myndi verð þeirra hækka.

Þá kom fram að reiðskemman fer fram á hjálmanotkun í skemmuni.

Síðustu vikuna í janúar var hringt út til að boða alla á fund v/námskeiða.

Krökkunum var raðað niður í hópa, eftir aldri og kunnáttu.

Hafnarfjarðarbær hefur staðið sig frábærlega vel, en þeir greiða niður námskeið barna 10 ára og yngri.

Reiðkennarar og þjálfarar í vetur voru :

Friðdóra Friðriksdóttir reiðkennari & þjálfari

Sindri Sigurðsson reiðkennari & þjálfari

Námskeið hófust í lok janúar og skiptast þannig:

Almenn námskeið, börn fædd '95 og yngri, kr. 7.000, fjöldi tíma 10, kennari *Sindri*.

Almenn námskeið, börn fædd '94 og eldri, kr. 16.000, fjöldi tíma 10, kennari *Friðdóra*.

Knapamerkisnámskeið, aldurstakmark 12 ára, kr. 17.000 – bók, fjöldi tíma 10 + 2 bóklegir, kennari *Sindri*.

Systkinaafsláttur, 1. barn fullt gjald - 2. barn hálft gjald. Dýrara gjaldið alltaf talið fyrst!

56 börn voru á námskeiðunum hjá okkur fædd 1988-2000.

Nemendur námskeiðanna tóku Knapamerkjapróf.

Aðeins einn nemandi var prófaður í einu inni í reiðhöllinn!

Uppskeruháð Æskulýðsnefndar var haldin mánudaginn 4.júní kl.19.00 að Sörlastöðum.

Öll börn og unglingar sem voru á námskeiðunum í vetur áttu að mæta.

Prófskírteini voru afhent þeim sem tóku stig í Knapamerkjakerfinu.

Við grilluðum pylsur, fórum í leiki og skemmtum okkur.

Eftirtaldir knapar tóku Knapamerkjapróf. I.– II. – IV og III. Stig ólokið (s.hluti 2008)

Stig 4 - mánudag 4.júní 2007 : 16 nemendur

Skúli Þór Jóhannsson
Guðmundur Hólm
Stella S.Pálmarsdóttir
Hanna Rún Ingibergsdóttir
Ásta Björnsdóttir
Erla Björk Jónsdóttir
Alexander Ágústsson
Ólafur Ásgeirsson
Harpa Rún Ásmundsdóttir
Hildur Sveinbjörnsdóttir
Sigríður María Egilsdóttir
Vilhjálmur Þorvaldsson
Margrét Freyja Sigurðardóttir
Jón Bjarni Smáráson
Helga Arnberg
Ásta Kara Sveinsdóttir

Stig 3 Fyrri hluti - mánudag 4.júní 2007 : 6 nemendur

Inga Ingólfssdóttir
Hilda Sól Darradóttir
Rósa Líf Darradóttir
Hanna Alexandra Helgadóttir
María Hjaltadóttir
Hafðís Arna Sigurðardóttir

Stig 2 - mánudag 4.júní 2007 ; 5 nemendur

Eyrún Guðnadóttir
Ágústa Rut Haraldsdóttir
María Dís Sígurjónsdóttir
Iðunn Björk Ragnarsdóttir
Gunnar S.Eggertsson

Stig 1 – mánudag 04.júní 2007 ; 4 nemendur

Anton Haraldsson
Anita Franklin
Hafðís Ósk Baldursdóttir
Guðlaug Þóra Gunnarsdóttir
Kristín Helga Kristinsdóttir

Námskeið reiðtygjahreinsun 7.jan.2007.

Þetta datt niður v/ekki reyndist unnt að fá neinn til að kenna eða fara yfir helstu atriði við að hugsa um og umgangast reiðtyggi og viðhalda þeim þeim sem allra best.

Bingó 18.jan.2007

Bingó var haldið á Sörlastöðum fimmtudaginn 18.jan. Spilaðar voru nokkrar umferðir og flottir vinningar í boði. Bingóspjaldið kostaði 100 kr. Boðið var uppá pizzu. Allir krakkar, unglingar, foreldrar og aðrir bingóáhugamenn voru velkomnir. Rúmlega 30 mann mættu, börn og fullorðnir og tóku þátt í skemmtilegu og spennandi Bingói. Margir glæsilegir vinningar voru í boði. En vinningar voru í boði eftirfarandi ; Ístölt, Ástund, Hestar og menn, Lífland og Laugarásbíó. Það er ekki nokkur spurning að Bingó er komið til að vera í dagskránni framvegis.

Skautuferð 27.jan.2007


Skautuferð tókst með miklum ágætum.

Um 30 krakkar mættu og skelltu sér á svellið. Að sjálfsögðu var mikið fjör á mannskapnum.. Sumir voru þaulvanir og svifu um svellið með tilþrifum sumar að stíga sín firstu skautaskref á svellinu og enn aðrir orðnir ryðgaðir í kúnstinni. En allir skemmtu sér vel.



Grímütölt 10.feb.2007

Grímuleikar Sörla voru haldnir laugardaginn 10. febrúar 2007 að Sörlastöðum. Yfir 60 knapar tóku þátt og knapar sýndu mikið hugmyndaflug við gerð grímubúninga. Það voru prinsessur, nornir og kokkar sem voru áberandi að þessu sinni og var mikil stemming í reiðhöllinni.



Árshátíð unglunga og ungmenna 2007.

Árshátíð unglunga og ungmenna var haldin föstudaginn 23.febrúar 2007, í samkomuhúsinu Mánagrund í Reykjanesbæ. Húsið opnaði kl. 19:30 o hófst borðhald kl. 20:00. Diskótekið Dísu hélt svo uppi stuðinu til kl. 24:00. Kaupa þurfti miðann fyrirfram og var ekki selt inn á staðnum. Rúta var pöntuð fyrir Sörlakrakkana og lagði hún af stað frá bílastæðinu hjá Fjarðarkaupum kl. 18:20 og hátt í 80 unglingar. Boðið var upp á góðan mat og síðan dönsuðu krakkarnir líkt og hestamönnum einum er lagið. Aðstandendur árshátíðarinnar vildu fá að þakka honum Magga Diskó sérstaklega fyrir frábæra stemmingu en hann gerði þessa skemmtilegu árshátíð enn betri. 847 tók nokkrar bráðskemmtilegar myndir af þessum hressu unglingum og er hægt að nálgast þær á myndabanka [Krakkavefs og Unglingavefs 847](#).

Æskan og hesturinn 12.-13.mars.2007

Undirbúningsvinna fyrir ÆSKAN OG HESTURINN hófst í byrjun febrúar. Eins og síðast liðin ár tók Guðrún Guðmundsdóttir að sér að vera í forsvari fyrir undirbúning þessarar frábæru skemmtunar. Ákveðið var að hafa úrtöku 19.febrúar fyrir krakka fædd 1994 og eldri, þau sem hefðu áhuga á að taka þátt í sýningunni. Teknar voru niður skráningar á krökkum fædd 1995 og yngri til þátttöku í hópatriðum. Stefnt var að því a brydda upp á nýjungum í sýningaratriðinu að þessu sinni. Annarsvegar sameiginlegt æft atriði með hinum hestamannafélögunum og hins vegar hefðbundin grímureið yngstu knapanna .

Sýningarnar fóru vel fram og börnin okkar stóðu sig eins og hetjur, við óskum þeim innilega til hamingju með frammistöðuna. Við viljum þakka krökkunum fyrir þátttökuna, og þeim foreldrum sem voru með okkur yfir helgina til halds og traust sem og þeim sem keyrðu hestana í Víðidal. Sýningin er nú komin í heild sinni á vef TV Hestafrétta.

Árshátíð barna 9-12 ára mars.2007

Var felld niður ; vonandi haldin í haust .

Sú ákvörðun var tekin af Harðar mönnum að fresta Árshátíð barna, á þeim forsendum að ekki væri tími til að halda hana vegna anna krakkanna við að taka þátt í alls kyns mótum. Talað var um að halda árshátíðina að hausti.

Það er leitt ef þessi skemmtun leggst af þar sem þetta hefur verið vettvangur fyrir krakkana til að kynnst krökkum frá öðrum félögum og mynda ný tengsl og þá ekki síst þeir krakkar sem ekki stunda keppnir.

Æskulýðsnefndin hlaut styrk úr pokasjóði. 11.05.2007.

Að þessu sinni voru 900 umsækjendur um styrki úr sjóðnum til allskyns verkefna en 127 fengu úthlutað að þessu sinni. Æskulýðsnefndin sótti um og hlaut 100.000.- kr. styrk til kaupa á endurskinsmerkjum til forvarna í barna og unglingastarfi. Útbúin voru 500 pör af endurskinsmerkjum til að festa á ístöðin handa öllum börnum og unglingum sem eru skráð í félagið, en þau munu verða send út með fréttabréfi Æskulýðsnefndar fyrir árið 2007-2008.

Reiðtúr Æskulýðsnefnda Hestamannafélaganna 14.maí 2007

Reiðtúr æskulýðsnefnda hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu var 14.maí 2007. Á annan tug Sörlafélaga tóku daginn snemma þrátt fyrir kosningavökur og riðu til móts við nágrennafélögin. Eitthvað voru tímasetningar og skipulag á reiki hjá þeim félögum sem héldu um skipulagið að þessu sinni, en okkar fólk fékk finan reiðtúr og veitingar á eftir.

Hreinsunardagur Sörla 18.maí 2007.

Þátttaka var með minnsta móti sem má líklegast skrifa á rok og rigningu. Þó mættu nokkrir gallvaskir félagar og tóku rækilega til, tíndu rusl og komu í gámana. Æskulýðsnefndin flokkaði úr dósakúlunni góðu og náðu sér í finan aur í æskulýðsstarfið. Gámaþjónustan lánað Æskulýðsnefndinni gáminn og anvirði söfnunarinnar rennur beint til æskulýðsstarfs félagsins.

Kúlan fer á sinn stað aftur við innkeyrsluna í Hlíðarþúfur og hvetjum við félagsmenn til að vera duglegir við að losa sig við dósir og flöskur í hana.

Æskulýðsráðstefna LH.

Laugardaginn 6.október 2007 var haldin Æskulýðsráðstefna LH.

Æskulýðsnefn LH	:	Helga B.Helgdóttir	Fáki	formaður
		Sigríður Birgisdóttir	Sóta	
		Andrea Þorvaldsdóttir	Létti	
		Sigvaldi R.Hafsteinsson	Andvara	
		Sóley Margeirsdóttir	Mána	

Dagskrá ráðstefnunnar;

Æskulýðsnefnd LH : hlutverk og framtíðarsýn í æskulýðsmálum.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ stutt kynning

Menntamál menntastefna LH

Keppni barna og unglunga hlutverk forráðamanna og félaga

--

Hagrænt gildi íþróttar og ekki síður forvarnargildi

Handbók æskulýðsfulltrúa hópvaðinn með ráðstefnugestum.

--

Hóparnir kynna niðurstöður sínar

Erlent samstarf upphaf og þróun á erlendu samstarfi í æskulýðsmálum.

Önnur mál.

Formaður Æskulýðsnefndar Sólveig Óladóttir og varaformaður Berglind Finnbogadóttir mættu á ráðstefnuna. Þær voru mjög ánægðar með framsetningu hennar og höfðu gagn og gaman af.

